

Ávarp Jóns Atla Benediktsson, rektors Háskóla Íslands við
brautskráningarahöfn Endurmenntunar HÍ, Háskólabíói 16. Júní 20Ráðherra
háskóla, iðnaðar og nýsköpunar, kandídatar, endurmenntunarstjóri, starfsfólk
endurmenntunar, góðir gestir

Það er mikið ánægjuefni að fá tækifæri til að ávarpa ykkur, kæru kandídatar, á
þessari útskriftarhátíð ykkar hér í dag. Við erum stolt af ykkur og þeim árangri
sem þið hafði náð. Við vitum að það getur kostað átak að bæta við menntun
sína síðar á starfsævinni eftir að hafa stofnað fjölskyldu og tekið á sig ýmsa
ábyrgð í einkalífinu og í samfélaginu. Sí- og endurmenntun er einn mikilvægasti
kjarninn í hugsjón fagfólks á hvaða vettvangi sem um ræðir. Við erum líka stolt
af Endurmenntun HÍ sem gegnt hefur forystuhlutverki í sí- og endurmenntun á
Íslandi í áratugi. Á næsta ári, tvöþúsund tuttugu og þrjú, fögnum við fjörutíu ára
afmæli Endurmenntunar HÍ.

Það hafa margir skoðun á því hvernig best sé að skipuleggja og veita æðri
menntun. Skáldið Steinn Steinarr sagði eitt sinn „Kaffihúsin eru minn háskóli“.
Þótt ég vilji síst gera lítið úr kaffihúsum bæjarins, allra síst nú á fyrsta sumri
okkar eftir heimsfaraldur, þá vitum við að það kostar mikla vinnu og
útsjónarsemi að skipuleggja gott nám, sem svarar kröfum nemenda,
atvinnulífsins og samfélagsins alls.

Við höfum upplifað miklar umbyltingar í menntamálum frá tímum Steins Steinarrs. Ef litið er yfir hið mikla námsframboð Endurmenntunar Háskóla Íslands sést vel að starfsemin teygir anga sína til allra anga samfélagsins. Námsframboðið er mikið hvort sem um er að ræða námsbrautir og nám til réttinda í samstarfi við ráðuneyti eða fræðslu fyrir almenning og þá sem vilja efla færni sína með einstökum námskeiðum. Og það var gaman að fréttu á fundi mínum með Endurmenntun í vor að stofnunin mun bjóða upp á einkar spennandi námskeið í ritlist næstkomandi haust í samstarfi við hóp skálda sem nefnir sig svikaskáld.

Endurmenntun Háskóla Íslands á sér glæsta sögu sem við munum fagna með veglegum hætti á næsta ári. En stofnunin mun, ef eitthvað er, gegna jafnvel enn mikilvægara hlutverki í framtíðinni en hún hefur gert s.l. þrjátíu og níu ár. Ástæðurnar eru margar. Almennur skilningur á sí- og endurmenntun hefur vaxið hratt á undanförunum árum með hverri iðn-, samfélags-, og tækniumbyltingunni. Fagfélög og stéttarfélög veita sífelld fleiri styrki til endurmenntunar félagsmanna sinna. Atvinnulífið kallar eftir fleiri símenntunarúrræðum og fyrirtækin banka í auknum mæli upp á hjá okkur. Þá gera stjórnvöld ríkari kröfu um endurmenntun starfsfólks síns og veita styrki og launauppbót fyrir endurmenntun. Hátt og vaxandi hlutfall háskólamenntaðra á Íslandi mun einnig ýta undir þörfina á sí- og endurmenntun. Þá má nefna að með styttingu vinnuvikunnar og með lengri lífaldri þjóðarinnar mun tíma og tækifærum alls almennings til sækja sér fróðleiks aukast.

Framtíð Endurmenntunar HÍ er því björt. Á sama tíma harðnar samkeppnin á endurmenntunarmarkaðinum. Hvort heldur litið er til innlendra fyrirtækja og stofnana, eða litið er til alþjólegra menntaveita, sést að sífellt fleiri aðilar sækja á mið sí- og endurmenntunar. Endurmenntun Háskóla Íslands þarf því stöðugt að endurmeta stefnu sína og áherslu um námsframboð og námsgreinar. Hér skiptir mestu að efla tengsl Endurmenntunar við aðra starfsemi Háskólans. Þar liggja ótal ónýtt tækifæri.

Ég veit að ný stjórn Endurmenntunar og nýr endurmenntunarstjóri hafa sett þá stefnumótunarvinnu í forgang. Í Stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, er lögð rík áhersla á endurmenntun. Stefnan er útfærð í svokölluðum verkefnastofnum og í stofninum sem lýtur að námi og kennslu segir: „Skólinn marki sér heildstæða sýn á þróun og framboð sí- og endurmenntunar og tryggi að fjölbreyttar leiðir til náms séu sýnilegar í námsskrá, vef skólans og öðru kynningarefni.“ Það er afar brýnt að þau stefnumál sem lúta með beinum hætti að endurmenntun nái fram að ganga á næstu misserum. En það er líka vert að vekja athygli á því að flest af stefnumálum HÍ26 snerta Endurmenntunarstofnun með einum eða öðrum hætti, hvort heldur litið er til þeirra verkefna eða tækifæra sem þar blasa við okkur. Í stefnunni er þannig lögð áhersla á opinn háskóla með góðu aðgengi að menntun fyrir fjölbreytilega nemendahópa, þverfaglegt samstarf í kennslu milli ólíkra eininga, nánari samstarfi við atvinnulífið, stöðugu og gagnvirku samtali við samfélagið, markvissari uppbyggingu starfshæfni í kvikum og tæknivæddum heimi, auk áherslunnar á notendamiðaða þjónustu sem gagnast mun öllum. Í þessum málaflokkum og fleirum felast ótal samstarfstækifæri fyrir Endurmenntunar HÍ við aðrar einingar Háskóla Íslands, atvinnulífið og samfélagið allt.

Kæru kandídatar, brautskráning markar tímamót. Hún er lokaskrefið í átt að markmiðum sem nemendur setja sér, persónulegum markmiðum um að bæta við sig þekkingu sína og hæfni. En það má líka snúa þessu við og segja að brautskráningin marki fyrsta skrefið á vegferð út í lífið með nýja þekkingu í farteskinu; þekkingu og hæfni sem nýtist ykkur, kæru kandídatar, persónulega en skapar á sama tíma aukin verðmæti fyrir samfélagið. Í menntun felst máttur og endur- og símenntun á sífelld stærrri þátt í að auka velsæld í samfélaginu. Betri háskóli, betra samfélag, er heitið á stefnu Háskóla Íslands, HÍ26. Það á vel við hér í dag.

Verkefni í daglegum störfum geta verið fjölbreytt og kallað á ólíka þekkingu og hæfni. En öll eiga verkefnin það sameiginlegt að þau þarf að leysa af *metnaði* og *fagmennsku*. Þessi tvö hugtök, *metnaður* og *fagmennska*, eru einmitt ásamt *árangri*, leiðarstefin í starfsemi Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þið, kæru kandídatar, sem brautskrást hér í dag, eruð lifandi dæmi um einstaklinga sem af dugnaði og eljusemi hafa stígið heillaskref fyrir ykkur sjálf og samfélag okkar.

Ég óska ykkur öllum innilega til hamingju með áfangann og velfarnaðar í því sem þið takið ykkur fyrir hendur.